

m
enningarstefna

Menningarstefna

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013

Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir

Hönnun og umbrot: Svavar Pétur Eysteinnsson

Ljósmyndir: Bls. 2, Árnastofnun, Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir; bls. 5, Ingvar Högni Ragnarsson;
bls. 6, Íslenski dansflokkurinn, Gollí; bls. 10 – 11, Sinfóníuhljómsveit Íslands;
bls. 24-25, Zena White; bls. 30, Ingvar Högni Ragnarsson.

Umsjón með útgáfu: Guðni Tómasson og Þorgeir Ólafsson

ISBN: 978-9935-436-13-9

Prentun: Háskólaprent



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Inngangur

Þann 6. mars 2013 ályktaði Alþingi að fela mennta- og menningar-
málaráðherra að starfa samkvæmt stefnu um listir og menningararf –
menningarstefnu. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnvöld marka sér sérstaka
stefnu á þessu sviði.

Í stefnunni er lýst aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs.
Hugtakanotkun í textanum ber að skoða í ljósi þessarar afmörkunar en
ekki er fjallað um málefni einstakra listgreina eða aðila á sviði menningar-
arfs. Stefnunni er ætlað að nýtast stjórnvöldum og Alþingi við frekari
umræðu, stefnumótun á afmörkuðum sviðum og ákvarðanatöku. Vonast
er til að menningarstefnan verði hvatning þeim fjölmörgu aðilum, sem
vinna á sviði íslenskrar menningar, til að vanda til verka og horfa til
fram tíðar við ákvarðanir og áætlanagerð. Hún ætti að gagnast stjórn-
málamönnum og embættismönnum, starfsfólki menningarstofnana,
fræðimönnum, úthlutunarnefndum, listamönnum og samtökum þeirra,
fjölmíðlafólki og öllum þeim sem taka þátt í menningarlífinu. Ýmsir
samstarfsaðilar stjórnvalda í menningarmálum, t.a.m. sveitarstjórnir og
einkaaðilar, ættu einnig að geta horft til hennar.

Lengi hefur verið kallað eftir sérstakri menningarstefnu íslenskra
stjórnvalda. Mennta- og menningarmálaráðuneyti vann að gerð hennar
frá árinu 2009 og hafði víðtækt samráð við aðila sem starfa á vettvangi
menningarmála. Ráðuneytið efndi í því skyni til ráðstefnunnar Men-
ningarlandið árið 2010 þar sem rætt var um mótun stefnunnar.

Íslenskt menningar- og listalíf er öflugt og þar fer meðal annars fram áhugaverð frumsköpun á ýmsum sviðum sem skiptir landsmenn og umheiminn máli. Á sviði menningararfs hafa stjórnvöld miklu hlutverki að gegna því að skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og er mikilvægur hluti af sjálfsmynd hvers og eins. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almenri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Menningarlífið er einnig lykilorð þáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Í menningarstefnunni eru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar:

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu.
- Gott aðgengi að listum og menningararfi.
- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar.
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

Brýnt er að menningarstefna sé lifandi þáttur í frekari stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku stjórnvalda í málaflokknum á hverjum tíma og að einstakir þættir eða áherslur í henni þróist í takt við samfélagsbreytingar, tækninýjungar og alþjóðlega strauma.

Menningarstefnunni er ætlað að endurspegla þann kraft sem einkennir menningarlíf á Íslandi og stuðla að enn frekari eflingu þess. Blómlegt menningarlíf í landinu er öllum til góða.





Menningarstefna

Leiðarljós stjórnvalda í málefnum lista og menningararfs.

a.

Íslensk stjórnvöld líta á það sem hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.

b.

Stjórnvöld telja að aðgengi að menningarstarfi og vitund um menningararf séu mikilvægir þættir í samfélagsgerðinni. Rannsóknir og miðlun á menningararfinum efla vitund um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmynd landsmanna. Íslensk tunga er ríkur þáttur í þeirri sjálfsmynd en hana ber að efla á sem flestum sviðum samfélagsins í samræmi við íslenska málstefnu.

c.

Stjórnvöld vilja stuðla að aukinni þátttöku og bættu aðgengi alls almennings að menningarstarfsemi sem starfrækt er með stuðningi hins opinbera.

d.

Stjórnvöld setja ramma um þátttöku sína í menningarlífinu með löggjöf og stuðningsaðgerðum. Stuðningur stjórnvalda snýr einkum að starfsemi atvinnu- manna á sviði lista og að varðveislu og miðlun menningararfs.

e.

Stjórnvöld álíta fjölbreytta menningarstarfsemi vera mikilvægan þátt í atvinnu- lífi þjóðarinnar sem muni veða enn þyngra í framtíðinni. Menningarlíf lands- manna hefur víðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti, m.a. í ferðaþjónustu, tæknigreinum, menntun og verslun og þjónustu.

f.

Stjórnvöld viðurkenna sjálfstæði stofnana sinna á sviði menningar um leið og gerð er krafa til stjórnenda þeirra og starfsmanna um fagleg vinnubrögð.

g.

Stjórnvöld leggja áherslu á að þeir aðilar sem njóta stuðnings á menningarsviðinu hafi í heiðri vönduð vinnubrögð og bjóði upp á faglega starfsemi og þjónustu.

h.

Stjórnvöld hafa ekki beina aðkomu að dagskrá og daglegu starfi menningarstofnana ríkisins og annarra aðila sem njóta fjárstuðnings frá ríkinu. Þau meta hins vegar árangur starfsins og framfylgja ábyrgð stjórnenda, fulltrúa í stjórnnum og annarra sem fara með opinbert fé.

i.

Stjórnvöld leggja áherslu á að hlúa sérstaklega að þeim svæðum sem síst geta notið þjónustu frá helstu menningarstofnunum með gerð menningarsamninga, fjárfestingaráætlunar og þróunarverkefna.

j.

Stjórnvöld haga stuðningi sínum við menningarstarfsemi í samræmi við regluna um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár til menningarstarfs, t.d. í starfi stofnana og sjóða og í úthlutunarnefndum starfslauna listamanna.

k.

Stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á að efla menningu barna og ungmenna á landinu öllu og stuðla að því að þau séu virkir þátttakendur í menningarlífinu. Menningarstofnanir ríkisins og aðrir aðilar sem njóta opinbers stuðnings eru hvattir til að skipuleggja dagskrá sína m.a. með börn og ungmenni í huga og haga starfsemi sinni þannig að þau eigi greiðan aðgang að listum og menningu, óháð efnahag.

l.

Stjórnvöld greiða fyrir samstarfi ólíkra aðila í menningarlífinu. Sköpunargáfa ólíkra hópa og einstaklinga styrkir menningarlífið en grunnforsendur þeirrar sköpunar eru tjáningarfrelsi og lýðræði.

m.

Stjórnvöld leggja áherslu á árangursríkt samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra á sviði menningarmála og hvetja til að þessir aðilar taki höndum saman um einstök menningarverkefni. Menningarsamningar eru gerðir við landshlutasamtök um stuðning við menningarstarf á landsbyggðinni. Samstarf við Reykjavíkurborg, sem höfuðborg landsins, er einkar mikilvægt.

n.

Stjórnvöld leggja áherslu á stafræna miðlun á ólíkum þáttum menningarlífsins. Menningarstofnanir nýti upplýsingatækni á markvissan hátt í starfi sínu, ekki síst í miðlun menningararfs.

o.

Stjórnvöld hvetja til samstarfs og þátttöku einstaklinga og atvinnulífs í menningarlífinu.

p.

Stjórnvöld vilja stuðla að vandaðri kynningu á íslenskri menningu erlendis og alþjóðlegu menningarsamstarfi.

q.

Stuðningur stjórnvalda við menningar- og listalíf í landinu þarf að vera í takt við tímann um leið og huga ber að fjölbreytni, samhengi, tungu, arfi og sögu.



IN (9.25 M.
4.5 M)
KG)
M)



I

Menningarþátttaka

Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Menningarstarf styrkir þekkingarleit og nýsköpun í samfélaginu. Varðveisla og miðlun menningararfsins og mikilvægi íslenskrar tungu eru einnig lykilþættir í menningarlífinu.

Menningarlæsi og menningarþátttaka eru veigamikil atriði í uppveiti barna og unglunga. Aðgengi þeirra að menningu eykur þeim víðsýni og umburðarlyndi, og þátttaka í menningarstarfi eykur vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Þannig er líklegt að þroski og færni borgaranna til samfélagslegrar þátttöku eflist.

Menningarleg fjölbreytni styrkir samfélagið og er þáttur í lífsgæðum í landinu. Menningarstarf hvetur til félagslegra samskipta og dregur úr hættu á menningarlegri einangrun einstaklinga og hópa. Fjölmiðlar gegna þýðingarmiklu hlutverki í að miðla fjölbreytni og krafti menningarlífsins.

Öflugt menningarlíf er ekki einungis mikilvægt fyrir íbúa á Íslandi heldur einnig fyrir alla gesti þeirra og ferðamenn sem vilja kynnast fólkinu sem landið byggir og sögu þess.

Fjölbreytni og fagmennska eru lykilatriði þegar kemur að því að efla menningu fyrir alla og ýta undir virka þátttöku auk þess að vera leiðarljós fyrir alla menningartengda ferðaþjónustu.

Markmið

1.

Fjölbreytni menningarlífsins verði viðhaldið og hún eflð í þeirri viðleitni að allir finni eitthvað við sitt hæfi í menningarlífinu.

2.

Aðgengi að menningu verði sem best tryggt fyrir alla þjóðfélagshópa, óháð búsetu og efnahag.

3.

Framboð á menningu fyrir börn og ungmenni verði eflt og stuðlað að þátttöku þeirra.

4.

Listfræðsla og listkennsla verði eflð í skólakerfinu og haldið áfram uppbyggingu á háskólanámi og rannsóknum á sviði menningar og lista.

5.

Hvatt verði til virkrar þátttöku, sköpunar og frumkvæðis einstaklingsins í samræmi við aukna áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun og umburðarlyndi í námskrám allra skólastiga.

6.

Menningarstofnanir og þeir sem stjórnvöld styðja til starfa í menningarlífinu leitist sífellt við að breikka þann hóp sem þeir ná til með starfsemi sinni og sporni þannig gegn menningarlegri aðgreiningu.

7.

Menningarstofnanir verði í fararbroddi á sínum sviðum við miðlun á fjölbreytni menningarlífsins.

II

Lifandi menningarstofnanir

Menningarstofnanir eru mikilvægar í samfélaginu. Þær styrkja sjálfsmynd Íslendinga og gegna hlutverki við að treysta félagsleg tengsl.

Menningarstofnanir gefa landsmönnum tækifæri á að njóta listsköpunar og kynnast menningararfinum og gegna veigamiklu hlutverki í menningarrannsóknnum, söfnun, skráningu, varðveislu og stjórnsýslu. Þær eru þjónustustofnanir sem taka mið af fjölbreytni samfélagsins í starfi sínu og dagskrá, auk þess að gegna lykilhlutverki í fræðslumálum á sviði menningar, bæði fyrir börn og fullorðna. Samstarf háskóla og menningarstofnana við menningarrannsóknir er einnig forsenda nýjunga í rannsóknnum og miðlun.

Samkvæmt hefð og lögum eru menningarstofnanir ríkisins sjálfstæðar í starfi sínu. Þeim er m.a. settur rammi í lögum og reglugerðum og árangursstjórnunar-samningar segja fyrir um markmið og forgangsöröðun verkefna.

Markmið

1.

Menningarstofnanir á Íslandi leggi áherslu á fagmennsku, fjölbreytni og gæði í starfi sínu.

2.

Menningarstofnanir styðji við frumsköpun á sviði lista og leiti nýrra leiða við rannsóknir og miðlun á menningararfi.

3.

Menningarstofnanir efni til samstarfs við sjálfstæða aðila, báðum til hagsbóta, og stefni að auknum sveigjanleika í starfsemi sinni og stefnu. Menningarstofnanir sækist eftir samstarfi við grasrótina í menningarlífinu til að efla starf sitt og stuðla að nýsköpun.

4.

Menningarstofnanir leitist við að greina þann hóp sem þær þjóna og stefni að því að höfða til fleiri hópa samfélagsins.

5.

Dagskrá menningarstofnana sé eftirsóknarverður valkostur í frístundum íslenskra fjölskyldna. Hugað sé sérstaklega að dagskrá fyrir börn og ungmenni, m.a. í samstarfi við skólastofnanir.

6.

Menningarstofnanir á landsvísu þjónusti íbúa landsbyggðarinnar eins og kostur er.

7.

Kannaðir verði kostir þess að sameina menningarstofnanir, þar sem við á, til að ná fram samlegðaráhrifum og til að efla faglegt starf.

8.

Stjórnvöld setji sér langtímastefnu í húsnæðismálum menningarstofnana.

III

Samvinna í menningarmálum

Mikill hluti menningarstarfs í landinu fer fram án aðkomu ríkisins en framlög ríkis til menningarstofnana, sjóða og samninga treysta grundvöll fjölbreyttrar menningarstarfsemi sem stunduð er af atvinnumönnum.

Einstaklingar og samtök þeirra eru meginhreyfiafl menningarlífsins og skapa grundvöll fyrir sköpun og samstarf. Framþróun og nýsköpun í menningarlífinu byggist á breiðri þátttöku og samvinnu ólíkra aðila. Samstarf opinberra aðila og einkaaðila er nauðsynlegt til að lista- og menningarlíf geti þrífist.

Menningarlíf er ein af forsendum búsetu, rétt eins og atvinna, heilbrigðisþjónusta, menntun og félagslegt öryggi. Stjórnvöld stuðla að því að efla menningarstarf um allt land og forsenda þess er gott samstarf við sveitarfélögin, t.d. með fjárframlögum til menningarsamninga landshlutanna.

Menningarstofnanir ríkisins eru miðstöðvar fyrir samvinnu og í fararbroddi í faglegum efnum hver á sínu sviði.

Markmið

1.

Árangur menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga verði metinn með reglulegu millibili til að treysta samstarfið.

2.

Í allri samvinnu í menningarlífinu verði unnið eftir faglegum forsendum og stuðst við meginreglu um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár.

3.

Mennta- og menningarstofnanir vinni saman að því að efla menningarlæsi ungs fólks.

4.

Samstarf listamanna og skóla verði aukið og áhersla lögð annars vegar á frekari möguleika barna og ungmenna til að njóta lista og hins vegar á að örva sköpun og gagnrýna hugsun þeirra.

5.

Fyrirtæki og einkaaðilar verði hvattir til aukinnar samfélagslegrar þátttöku með stuðningi við menningarlífið.

IV

Ísland í alþjóðasamhengi

Menningarlífið á Íslandi nærast á erlendum straumum en leggur um leið til þeirra. Slíkt samspil er nauðsynlegt fyrir framþróun lista og menningarstarfs. Þátttaka íslenskra listamanna í alþjóðlegu samstarfi stækkar markað þeirra og eykur kröfur sem til þeirra eru gerðar, og stuðlar um leið að fjölbreyttara lista- og menningarlífi þjóðarinnar.

Menningarlífið mótar upplifun margra af landinu og vel unnin menningarverk efni á alþjóðlegum vettvangi styrkja orðspor Íslands.

Várðveisla menningararfsins, þ.m.t. íslenskrar tungu, er mikilvæg í hnattrænu samhengi auk þess sem menningararfurinn er grunnstoð í sjálfsmynd landsmanna.

Eitt af hlutverkum stjórnvalda á sviði lista og menningar er að stuðla að þátttöku í alþjóðlegum samskiptum og samstarfi.

Markmið

1.

Alþjóðlegt menningarsamstarf verði aukið og þ.m.t. fagleg kynning á íslenskri menningu erlendis með virku samstarfi þeirra er málið varðar. Í því skyni verði kynningarmiðstöðvar listgreina eflar og þær leiti eftir auknu samstarfi við systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum og víðar.

2.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði lista og kynningar á íslenskri list erlendis fari fram á forsendum listarinnar. Kynningarmiðstöðvar listgreinanna, Íslandsstofa, mennta- og menningarmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti gegna þar stóru hlutverki.

3.

Íslenskum listamönnum verði gert auðveldara að taka þátt í erlendu listalífi og hlutverk kynningarmiðstöðva í að styðja við það starf verði eft.

4.

Við miðlun á íslenskum menningararfi verði fjölbreyttar leiðir nýttar og áhersla lögð á þátttöku, fræðslu og upplifun.

5

Stjórnvöld standi að virku samstarfi við fjölþjóðlegar stofnanir á sviði menningar.

V

Starfsumhverfi í menningarmálum

Tjáningarfrelsi er grundvallarforsenda menningarlífs og stjórnvöldum ber skylda til að standa vörð um það með öllum ráðum. Stjórnvöld eiga ekki að reyna að hafa áhrif á sköpun eða innihald lista og annars menningarlífs. Þau setja ramma um aðkomu sína að menningarlífinu með löggjöf og stuðningsaðgerðum sem snúa einkum að starfsemi stofnana og atvinnumanna á sviði lista og að varðveislu menningararfs. Þau virða reglur um hæfilega fjarlægð og eiga að skapa fordæmi um góð vinnubrögð og heilbrigða stjórnarhætti.

Rekstur menningarstofnana, launasjóða og lögbundinna verkefnasjóða í menningarlífinu styður við fjölbreytni þess. Stjórnvöld eiga að tryggja að fjármagn nýtist vel og að faglega sé staðið að stefnumörkun og ákvörðunum. Góð yfirsýn og skilvirkni eru mikilvæg atriði við úthlutun opinbers fjár til lista og starfsemi á sviði menningararfs.

Markmið

1.

Framlög ríkisins til verkefna á sviði menningarmála fari í gegnum lögbundna sjóði með faglegum úthlutunarnefndum sem byggja úthlutun á vönduðu jafningjamati. Í stjórnnum sjóða séu viðhafðir góðir stjórnunarhættir, regla um hæfilega fjarlægð virt og almennum hæfisreglum fylgt.

2.

Starfslaunasjóðir og verkefnasjóðir verði vel skilgreindir og endurspegli fjölbreytni og þróun menningarlífsins, m.a. er varðar samstarfsverkefni.

3.

Leitað verði leiða til að efla enn frekar stuðning einkaaðila við menningarstarf og hann gerður eftirsóknarverður. Unnið verði að gagnkvæmum skilningi og viðurkenningu á sameiginlegum hagsmunum menningarlífs og atvinnulífs.

4.

Starfsumhverfi sjálfstætt starfandi listamanna verði bætt á sviði skattamála, almannatrygginga, sjúkratrygginga o.s.frv.

5.

Rannsóknir á mikilvægi menningar í atvinnulífi landsmanna verði studdar til að treysta grundvöll lista og menningar í atvinnu- og þjóðlífi.

6.

Þjóðhagslegt vægi lista og menningar verði hluti af reglubundinni skráningu hagtalna.

VI

Stafræn menning

Upplýsingatækni og stafrænar miðlunarleiðir hafa mikil áhrif á menningu samtímans, hvort sem horft er til afþreyingar, sköpunar, samskipta, rannsókna, varðveislu eða miðlunar á hvers kyns menningarefni. Sífellt fleiri nota netið til að leita sér upplýsinga um íslenska menningu sem verður sífellt aðgengilegri með stafrænum miðlunarleiðum. Ísland er netvætt land og netnotkun almennings er ein sú mesta í heimi miðað við mannfjölda. Forsendur eru því góðar til að ná frekari árangri á þessu sviði.

Gott aðgengi að íslenskri menningu og upplýsingum um hana í stafrænum miðlum er afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í samfélaginu. Til að opna enn frekari aðgang almennings að þeim fjársjóðum sem felast í listum og menningararfi okkar þarf að auka framboð á nýju stafrænu efni og færa gamalt efni í stafrænt horf. Aðgengi að menningarefni styður menningar- og listfræðslu, spornar gegn ólögumætri notkun á lögvernduðu efni og stuðlar að auknum áhuga og þekkingu á íslenskri menningu.

Listsköpun með hjálp stafrænnar tækni eykst hröðum skrefum og mikilvægt er að stuðla að frumsköpun á þessu sviði, samhliða því að auka færni fólks í notkun stafrænna miðla. Hröð tæknipróun gerir varðveislu menningarefnis á stafrænu formi vandasama og nauðsynlegt er að huga vel að lausnum í þeim efnum.

Markmið

1.

Menningararfur Þjóðarinnar verði gerður aðgengilegur á sem flestum sviðum á stafrænu formi. Í þessu efni þurfa menningarstofnanir sem vinna með stafrænt efni að starfa saman, forgangsraða og gera áætlanir.

2.

Framboð á íslenskri menningu í stafrænu formi verði vandað og sýnilegt.

3.

Menningarstofnanir standi faglega að kynningu á starfi sínu á vefnum bæði á íslensku og erlendum tungumálum.

4.

Stuðlað verði að virkri þátttöku og sköpun landsmanna í gegnum netið. Miðlalæsi í skólakerfinu er mikilvægur grunnur að slíkri þátttöku enda er áhersla lögð á upplýsinga- og miðlalæsi í nýjum námskrám skólastiganna.

5.

Leitað verði lausna á höfunda- og hugverkaréttindamálum á netinu og unnið með samtökum listamanna og stjórnvöldum í nágrannalöndunum á því sviði.

6.

Menningarstofnanir efli miðlun á listum og menningararfi með stafrænum hætti og stuðli að góðu samstarfi við hagsmunaaðila á þessu sviði.

TO BE HONORED
AIR WAVES
LIVE FROM
REYKJAVIK

ÓLUEFN



Menningarstefna – athugasemdir með tillögu til þingsályktunar

Sérstök stefna íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs er nú lögð fyrir Alþingi til samþykktar í fyrsta sinn. Stefnan snýr að verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytis í menningarmálum, nema hvað íþróttir og æskulýðsmál falla ekki undir hana. Nýlega var unnið að stefnumótun í ráðuneytinu á sviði íþróttar og undirbúningur að stefnumótun á sviði æskulýðsmála er hafinn.

Stefnunni er ætlað að lýsa, á breiðum grundvelli, aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs og nýtast stjórnvöldum og Alþingi við frekari umræðu, stefnumótun á afmörkuðum sviðum og ákvarðanatöku. Hugtakanotkun í stefnunni ber að skoða í ljósi þessarar afmörkunar en ekki er fjallað um málefni einstakra listgreina eða aðila á sviði menningararfs. Vonast er til að stefnan verði hvatning þeim fjölmörgu aðilum sem vinna á sviði íslenskrar menningar til að vanda til verka og horfa til framtíðar við ákvarðanir og áætlanagerð. Hún ætti að gagnast stjórnámálumönnum og embættismönnum, starfsfólki menningarstofnana, fræðimönnum, úthlutunarnefndum, listamönnum og samtökum þeirra, fjölmiðlafólki og öllum þeim sem taka þátt í menningarlífinu. Ýmsir samstarfsaðilar stjórnvalda í menningarmálum, t.a.m. sveitarstjórnir og einkaaðilar, ættu einnig að geta horft til stefunnar.

Mikilvægt er að stjórnvöld vandi aðkomu sína að þessum málaflokkum og hafi virkt samráð við sem flesta aðila á menningarsviðinu. Einnig er mikilvægt að menningarstefnan sé reglulega tekin til endurskoðunar og að hún endurspegli áherslur ríkisins á hverjum tíma.

Lengi hefur verið kallað eftir sérstakri menningarstefnu íslenskra stjórnvalda. Á undanfórnum misserum hefur farið fram undirbúningsvinna á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem þörfin fyrir slíka stefnumótun hefur verið metin og drög lögð að henni. Í þessu skyni efndi ráðuneytið til ráðstefunnar Menningarlandið árið 2010 þar sem fjölmargir aðilar ræddu mótun menningar-

stefnu og haft hefur verið samráð við ýmsa þá sem starfa á vettvangi menningarmála. Hefur verið tekið tillit til álits umsagnaraðila og niðurstaðna ráðstefnunnar í ýmsum atriðum við þá stefnumótun sem hér birtist.

Hlutverk ríkisins í menningarmálum snýr einkum að því að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs auk þess að standa vörð um menningararfinn. Í því felst að mynda með lögum, stjórnvaldsaðgerðum og fjárveitingum þann ramma fyrir menningarlíf sem gerir því kleift að blómstra og hvetur til þátttöku landsmanna. Mikilvægt er að sá rammi sé mótaður þannig að hann hafi ekki bein áhrif á inntak lista- og menningarstarfs og að sjálfstæði listamanna og menningarstofnana sé virt í hvívetna.

Íslenskt menningar- og listalíf er öflugt og þar fer meðal annars fram áhugaverð frumsköpun á ýmsum sviðum sem skiptir landsmenn og umheiminn máli. Á sviði menningararfs hafa stjórnvöld miklu hlutverki að gegna því að skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og er mikilvægur hluti af sjálfsmýnd hvers og eins. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða.

Segja má að í þessari tillögu að stefnu stjórnvalda á sviði lista og menningararfs séu fjórir meginþættir lagðir til grundvallar:

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu.
- Gott aðgengi að listum og menningararfi.
- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar.
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

Í framkvæmd birtist menningarstefna stjórnvalda einnig í ýmsum lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þar má nefna:

- Fjárlög, þar sem framlög ríkisins til menningarmála eru ákveðin.
- Lög og reglugerðir um menningarmál, t.d. um stofnanir, verkefnasjóði, starfslaunasjóði, höfundarétt, fjölmiðlun og fleira.
- Menningarsamninga við landshlutasamtök sveitarfélaga, árangursstjórnunar-samninga við stofnanir og erindisbréf forstöðumanna þeirra auk samstarfs-samninga við ýmsa aðila um afmörkuð verkefni og rekstur.
- Aðrar stefnuyfirlýsingar á borð við íslenska málstefnu, stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþrótt- og æskulýðsmálum, safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu og menningarstefnu í mannvirkjagerð.
- Ýmsar aðgerðir mennta- og menningarmálaráðuneytisins og annarra ráðu-neyta á sviði menningar.

Menning er víðfeðmt og vandmeðfarið hugtak og sitt sýnist hverjum um hvar draga eigi mörkin milli menningar og annarra þátta samfélagsgerðarinnar. Menning er grundvallarhugtak í fjölmörgum fræðigreinum og má sem dæmi nefna að siðir, venjur, hugmyndastraumar, gildi samfélagsins o.s.frv. mótuðu hinn klassíska skilning mannfæðinnar á menningu. Í víðustu skilgreiningu hefur orðið „menning“ verið notað yfir allt það sem mennirnir gera. Þegar rætt er um menningarstefnu þjóðríkja er slík skilgreining hins vegar ómarkviss og of víð, og í þessari stefnu er fyrst og fremst horft til aðkomu stjórnvalda að málefnum list-greina og menningararfs.

En er menning þjóðar ein og heil eða margbrotin og samsett? Oft og tíðum hefur verið talað um íslenska menningu sem aðgreinda frá menningu annarra landa. Sú skilgreining á sér litla stoð í samtímanum þar sem menningaráhrif virða enn síður landamæri nú en áður, ekki síst þegar horft er til þeirra hröðu tækniframfara og miðlunarleiða sem netið býður upp á. Sannarlega er íslensk tunga grunnur að íslenskri menningu, en menning nágrannalandsanna og fjarlæggra heimshluta leggur einnig eitthvað nýtt til menningarlífsins hérlendis á hverjum degi. Margbreytileg sköpun, umræða og könnun á menningarlífinu fer einnig fram með hjálp upplýsingatækninnar og því er mikilvægt að menningarstefna stjórnvalda taki mið af þessu stafræna umhverfi. Hnattvæðingin, tækninýjungar, framboð á og aukið aðgengi að fjölbreyttri menningarstarfsemi hefur einnig riðlað lífseigri flokkun menningarinnar í há- og lágmenningu. Aðaleinkenni menningarneyslu í nútímanum er að hún stjórnast af leit neytandans að þekkingu og upplifun. Áhugi einstaklingsins á listum og vitund um menningararf er sífellt að mótast með nýrri reynslu.

Miklu máli skiptir hvernig börn kynnast menningu og listum. Gildir þar mestu að upplifunin sé á forsendum barnsins. Hvatt er til að menningarstofnanir ríkisins stuðli að virkri þátttöku barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra í starfsemi sinni með lifandi og áhugaverðri framsetningu á viðfangsefninu og að þannig verði stefnt að jákvæðri reynslu og hlutdeild í menningarlífinu. Ákveðnir þættir stefnunnar snúa einkum að börnum og ungu fólki. Þar má nefna það menningarstarf og listkyrningu sem fram fer í skólum landsins á öllum skólastigum, oft í tengslum við menningarstofnanir. Einnig er mikilvægt að virkja börn og ungmenni sem þátttakendur í menningarlífinu en sköpunarkraftur þeirra er mikill. Mikilvægt er að stofnanir, hópar og félagasamtök á sviði menningar stofni til samstarfs við skóla eftir fremsta megni og að skólar sæki einnig í þau samskipti. Skólar á öllum stigum gegna víðtæku hlutverki í menningarlífi landsmanna, ekki síst í tengslum við barnamenningu, listfræðslu og eflingu á menningarlæsi, og áhrif þeirra á tengsl almennings og menningar og lista eru afar víðtæk.

Stór hluti þess menningarstarfs sem fer fram í landinu er í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um tilhögun starfseminnar. Með starfslaunasjóðum og verkefnasjóðum í listum vilja stjórnvöld styðja við starfsemi sjálfstæðra atvinnumanna, en tryggja að umsóknir fari í gegnum vandað jafningjamat í úthlutunarnefndum þar sem gætt er að reglunni um hæfilega fjarlægð og skipt reglulega um nefndarmenn. Ríkið stendur einnig fyrir rekstri lögbundinna menningarstofnana á sviði lista og menningararfs og leggur um leið mikla áherslu á sjálfstæði stofnana sinna. Árangursstjórnunarsamningar eru gerðir við þessar stofnanir og þar með stefnt að skilvirkri þjónustu og rekstri þeirra. Menningarsamningar hafa einnig verið gerðir við einstaka landshluta á undanförunum árum og þannig stefnt að því að það fjármagn sem hið opinbera leggur til menningarmála nýtist sem best heima í héraði með yfirsýn og aðkomu heimamanna. Nauðsynlegt er að meta árangur af þessu starfi með skipulegum hætti til að tryggja að fyrirkomulag samstarfs ríkisins og sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra sé ætíð sem árangursríkast.

Menningarlífíð í hverju landi þrífst best þegar hugað er að samhengi og samspili ólíkra þátta. Þannig má nefna að þó að tilraunir og nýsköpun séu mikilvægur hluti menningarlífsins snýst stuðningur við menningu ekki einungis um að koma á fót nýjum verkefnum heldur einnig um að nýta opinber framlög sem best og að fjölbreytni sé viðhaldið. Samspil stofnana og grasrótár á öllum sviðum menningarinnar er einkar mikilvægt til að almenningur geti á hverjum tíma ræktað hjá sér tilfinningu fyrir menningarlífi þjóðarinnar og kynnt sér bæði nýjungar og hefðir í listum og menningu.

Enginn vafi leikur á því að landsmenn eru bæði áhugasamir um að njóta fjölbreyttrar menningar og um að standa fyrir margs konar menningarverkefnum. Þennan áhuga ber að efla og styrkja og víst er að þar gegna stjórnvöld stóru hlutverki. Möguleikarnir eru fyrir hendi því að öflugt og fjölbreytt menningarlíf elur af sér virkari sköpun í atvinnulífi, vísindum og nýsköpun og eykur lífsánægju landsmanna. Atvinnulífið í landinu nýtur með fjölbreyttum hætti þess sköpunarkrafts og þeirrar þekkingarleitar sem á sér stað í lista- og menningarlífi lands-

manna, en mikilvægt er að efnahagsleg áhrif menningarstarfs komi með skýrari hætti fram í hagtölum en verið hefur. Rétt er að líta til erlendra fyrirmynda hvað þetta varðar og hafa um það samstarf við stjórnvöld í nágrannalöndunum.

Stefna þessi er sett fram í samhengi við almenna markmiðasetningu stjórnvalda sem birtist í sóknaráætluninni Ísland 2020. Brýnt er að stefnan sé lifandi þáttur í stefnu stjórnvalda í málaflokknum á hverjum tíma, ekki síst í ljósi þess að breytingar eru hraðar í samtímanum og að tækninýjungar og mikil hreyfing á fólki og fjármagni gera að verkum að hugsunin að baki menningarstefnu stjórnvalda verður að vera í reglulegri endurskoðun. Sú endurskoðun heldur áfram og fer einnig fram í gegnum almenn stjórnþæki stjórnvalda á sviði menningarmála. Blómlegt menningarlíf í landinu er öllum til góða.

